

Nd.

420. Nefndarálit

um frv. til l. um sparisjóði.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, borið það saman við gildandi lög um sparisjóði, og leggur hún til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Í stað orðsins „bankaeftirlitsmaður“ kemur alls staðar í frumvarpinu (í viðeigandi föllum) nema í 18. og 23. gr.: sparisjóðseftirlitið.
2. Við 10. gr. Greinin falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.
3. Við 16. gr. Fyrsta málsgrein orðist svo:
Aldrei má sparisjóður lána einum viðskiptamanni eða fleiri viðskiptamönnum, sem eru fjárhagslega tengdir, meira en sem svarar 50% af eigin fé og ábyrgðarfé sínu.
4. Við 18. gr. Þriðja málsg. orðist svo:
Ráðherra skipar einn mann í stjórn tryggingarsjóðs, og skal hann vera formaður stjórnarinnar. Auk þess eiga sæti í henni skrifstofustjórinn í ráðuneyti því, er fer með bankamál, og hagstofustjóri.
5. Við 23. gr. Í stað orðanna „að fengnu samþykki bankaeftirlitsmanns“ í síðustu málsgrein komi: að fengnu samþykki ráðuneytisins.
6. Við 28. gr. Á eftir orðinu „tekjuskatti“ komi: eignarskatti.
7. Við 32. gr. Í stað „lög nr. 13 26. apríl 1935“ komi: lög nr. 83 26. apríl 1935.
8. Síðari málsg. ákvæðis til bráðabirgða orðist þannig:
Ráðherra sá, er fer með bankamál, og þeir aðstoðarmenn, er hann kveður til þess, fara með þau störf, sem sparisjóðseftirlitinu eru ætluð í lögum þessum, þar til lög verða sett um sérstakt eftirlit með sparisjóðum.

Alþingi, 8. maí 1941.

Sveinbjörn Högnason,
form.

Jón Pálmason,
fundaskr.

Stefán Stefánsson,
frsm.

Skúli Guðmundsson.

Haraldur Guðmundsson.